



ÖLFUS

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

AÐALSKIPULAG 2010 - 2022 - GRÁSTEINN AÐALSKIPULAGSBREYTING

Almennt

Sveitarfélagið leggur fram óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 skv. 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 5. október 2012.

Fyrir liggur breytt deiliskipulag, samþykkt 23. feb. 2017, þar sem íbúðarlóðum er fjölgað í 10.

Tillaga að breyttu skipulagi snýr að uppfæra fjölda lóða og íbúða í landi Grásteins.

Breytingin

Markmið með breytingunni er að fjölga lóðum á íbúðarsvæði Í13 til samræmis við gildandi deiliskipulag og jafnframt að heimila fjölgun íbúða. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður gerð breyting á umfjöllun um íbúðarsvæðið í kafla 3.1.1 í greinargerð aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2010 - 2022 þar sem lóðum á svæðinu verður fjölgað úr 5 lóðum í 9.

Breytingin felur eingöngu í sér breytingu á greinargerð aðalskipulagsins.

Breyting verður gerð á töflu í kafla 3.1.1 um Íbúðarsvæði.

Breyting verður verð á fjölda íbúða á svæði Í13 í landi Grásteins.

Í gildandi skipulagi:

| Nr | Heiti | Lýsing | Lóðir/ ha | Fjöldi íbúða |
|-----|-----------|----------------------------------------------------------------|-----------|--------------|
| Í13 | Grásteinn | Gert er ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 5 ha. | 1 | 5 |

Í breyttu aðalskipulagi (breytingar eru undirstrikaðar):

| Nr | Heiti | Lýsing | Lóðir/ ha | Fjöldi íbúða |
|-----|-----------|-----------------------------------------------------------------------------|------------|--------------|
| Í13 | Grásteinn | Allt að 10 lóðir undir parhús og einbýlishús Stærð svæðisins er um 5 ha. | <u>1-3</u> | <u>16</u> |

Tengsl við aðrar áætlanir


Til er deiliskipulag af svæðinu dagsett 23.02.2017 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 21.06.2017.

Unnið er að deiliskipulagsbreytingu samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Þar sem um er að ræða óverulega breytingu fellur breytingin ekki undir lög nr. 105/ 2006 um umhverfismat áætlana skv. 1. mgr. 3. gr . laganna.

Niðurstaða sveitarstjórnar

Sveitarstjórn telur að umrædd leiðrétting sé minniháttar breyting enda er verið að uppfæra fjölda lóða til samræmis við gildandi deiliskipulag og samhliða verið að fjölga búsetumöguleikum á svæði sem nú þegar er skilgreint sem íbúðarsvæði. Ekki þykir þörf á að meta umhverfisáhrif tillögunnar, enda er einungis um að ræða fjölgun íbúða á íbúðarsvæði sem nú þegar er skilgreint í gildandi skipulagi.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, í mkv. 1:50.000

Aðalskipulagsbreytingin var tekin fyrir skv. 2 mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010., með síðari breytingum var samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann _____

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Aðalskipulagsbreytingin öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Sveitarfélagið Ölfus

Aðalskipulagsbreyting



Verk: 1621-01-034

Dags: 12.12.18

Mkv. 1: 50.000 í A4

Breytt:

Unnið: AB, ABH

Rýnt: ÁJ

Samþykkt: